



Skólanefnd

Fulltrúi foreldra í skólanefnd

Kosning þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd skal sitja í skólaráði eða í stjórn foreldrafélags í skóla í sveitarfélaginu. Skipt er um fulltrúa í skólanefnd að hausti og skal kosning því liggja fyrir eins fljótt og mögulegt er.

Þar sem einn skóli tilnefnir fulltrúa í skólanefnd:

Stjórn foreldrafélags kys einn úr stjórn eða skólaráði sem fulltrúa foreldra í skólanefnd og einn til vara. Kosningu skal vera lokið fyrir septemberlok. Kosið er til tveggja ára í senn.

Þar sem tveir til fjórir skólar tilnefna fulltrúa í skólanefnd:

Ákveðið er á hvern hátt skólarnir skiptast á að tilnefna fulltrúa. Kosning fer fram í viðkomandi skóla líkt og lýst er hér að ofan.

Þar sem starfandi er svæðaráð skóla á viðkomandi svæði:

Stjórn svæðaráðs fær tilnefningar frá foreldrafélögum viðkomandi skóla. Svæðaráðið kynnir þá sem gefa kost á sér til setu í skólanefnd fyrir stjórnnum foreldrafélaganna og fulltrúum foreldra í skólaráði á fundi eða með tölvupósti sbr. starfsreglur svæðaráðs. Fulltrúar svæðaráðs halda utan um kosningu um aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í skólanefnd. Kosið er til tveggja ára í senn. Að öllu jöfnu skal fulltrúi ekki sitja lengur en tvö ár í skólanefnd hverju sinni.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd skal gæta hagsmuna nemenda og foreldra allra þeirra skóla sem heyra undir viðkomandi skólanefnd. Hann sendir stjórnnum foreldrafélaga og/eða svæðaráði foreldra fundargerðir skólanefndar og/eða aðrar upplýsingar sem varða skólastarfið.

Svæðaráð og stjórnir foreldrafélaga geta sent fulltrúanum beiðni um að fylgja ákveðnum málum eftir við skólanefnd. Eins ber þeim að upplýsa hann reglulega um stöðu mála í hverjum skóla.

Ef aðalfulltrúi kemst ekki á fund skólanefndar skal hann boða varamann sinn á fundinn í tíma.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd á sæti í svæðaráði og fundar því reglulega með því. Þar sem ekki er starfandi svæðaráð fundar hann og varamaður hans með stjórnnum foreldrafélaga a.m.k. einu sinni á vetri. Svæðaráð eða fulltrúaráð hvers skóla er bakland fulltrúa foreldra í skólanefnd og því fá þeir sendar fundargerðir skólanefndar.

Formaður skólanefndar ber ábyrgð á því að skólanefnd sé skipuð skv. 6. grein grunnskólalaga og samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45 frá 1998. Honum ber að beita sér fyrir því að nefndin sé fullskipuð og að allir nefndarmenn fái greidd nefndarlaun í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins. Honum ber einnig að gæta þess að foreldrar tilnefni fulltrúa og annan til vara í skólanefnd.